

Ársskýrsla 2011



Ábyrðarmaður :
Guðjónína Sæmundsdóttir
Hönnun: Ásdís Pálsdóttir
Hagnýtar upplýsingar
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS)
Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ.
Sími 421-7500
netfang:mss@mss.is,
heimasíða:www.mss.is,
Markviss þarfagreiningaraðferð:
www.markviss.hugverk.is

MSS - Í forystu í fimmtán ár



Ágætu lesendur,

Þann 10. desember í haust verða liðin 15 ár frá stofnun Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum. Þrátt fyrir töluverða bjartsýni þeirra sem stóðu að stofnun miðstöðvarinnar á sínum tíma er óhætt að segja að hún hefur vaxið og dafnað betur og hraðar en nokkurn hafði órað fyrir. Miðstöðin er í dag öflugasti þjónustuaðili á sínu sviði á Suðurnesjum og hefur auk þess náð að festa sig í sessi með öflugustu framhaldsfræðsluáðilum á landinu.

MSS er sjálfseignarstofnun og var stofnuð á sínum tíma að frumkvæði Fjölbrautaskóla Suðurnesja og með stuðningi sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðar á Suðurnesjum, sem allir skipa stjórn félagsins.

Eins og fram kemur í stofnskrá þá er markmið MSS að:

“.....efla endur- og símenntun Suðurnesjamanna, samstarf atvinnulífs og skóla og tengsl grunn- og endurmenntunar. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum býður einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum námskeið sem ekki heyra beint undir formlegt námsframboð skóla og er hér einkum átt við frístundanám og starfstengd námskeið og námskeiðaraðir. Kennslu í Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum verður hagað þannig að hún hæfi fullorðnum.

Stofnun Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum á sínum tíma var algjör nýjung og markmiðið var metnaðarfullt.

Undirbúningur að stofnun hennar hafði staðið yfir frá 1995 og var vilji Suðurnesjamanna afar skýr. Markmiðið var að efla menntun á Suðurnesjum. Ýmis teikn höfðu þá verið á lofti um væntalegar lagabreytingar og umræða um aukin framlög til málaflokksins m.a. í samningum aðila vinnumarkaðar.

Þó ekkert væri í raun í hendi var því ljóst að tíminn myndi vinna með okkur og því engin ástæða til að bíða. MSS var síðan stofnuð formlega 1997 með tilvísan til laga frá 1996 – lög sem enn átti þó eftir að útfæra.

Heimamenn á Suðurnesjum voru frá fyrstu tíð einhuga að baki verkefninu og lögðu því til áréttingar sjálfir fram fjármagn með miðstöðinni fyrstu árin og styrktu verkefnið með jöfnu framlagi Fjölbrautaskóla Suðurnesja, frá sveitarfélögum og frá aðilum vinnumarkaðar á Suðurnesjum, en að auki lagði Fjölbrautaskólinn til aðstöðu og þjónustu fyrstu árin - eða þar til MSS flutti í sitt eigið húsnæði. Síðan hafa liðið mörg ár og ævintýrin enn að gerast.

Undirritaður hefur verið svo lánsamur að fá að vera með í þessu ævintýri frá upphafi og jafnframt notið þess heiðurs að vera formaður stjórnar MSS öll árin. Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera í ábyrgðastöðu í þessu þjóðfélagi okkar, en ég get alveg sagt það hér og nú að það hefur bæði verið heiður og mikil ánægja að fá að vera í forsvari fyrir stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum öll þessi ár enda starfsemin MSS að mínu mati – og að ég tel flestra annarra sem til þekkja - til fyrirmyndar.

Án þess að gera lítið úr hlutverki okkar stjórnarmanna MSS í gegnum tíðina vil ég nú – þegar leiðir skilja – nefna nokkur þau atriði sem ég tel hafa verið afar mikilvæg í því að gera Miðstöð símenntunar að þeirri öfluggu stofnun sem hún er í dag.

Í fyrsta lagi skal nefna að höfum við verið afar heppin með forstöðumenn frá upphafi. Þeir Kjartan Már Kjartansson og Skúli Thoroddsen leiddu starfið fyrstu árin af miklum dugnaði, en Guðjónína Sæmundsdóttir, sem nú situr í forsvari hefur síðan stýrt MSS frá 2003. Það hefur hún gert með alveg einstakri útsjónarsemi og dugnaði og náð að gera MSS að þeirri öfluggu stofnun sem hún er í dag. Hver með sínum hætti hafa þessir stjórnendur náð að skapa MSS sérstöðu og afla henni trausts og virðingu jafnt hér heima á Suðurnesjum sem og á landsvísu. Þá hefur MSS undir stjórn þeirra allra staðið traustum fjárhagslegum fótum frá upphafi og gerir það enn í dag þrátt fyrir erfiða tíma. Þá vil ég vil nefna allt það góða starfsfólk sem stjórnendur MSS hafa náð að laða til sín í gegnum tíðina.

Síðast en ekki síst tel ég að stór þáttur í öflugri starfsemi og velgengni MSS hafi verið sú breiða samstaða og einhugur um verkefnið sem náðist meðal Suðurnesjamanna. Þetta gildir jafnt um sveitastjórnarmenn, forsvarsmenn launþega, atvinnurekenda og fjölmarga einstaklinga á Suðurnesjum, sem lögðust allir á eitt við að koma á fót öflugri fullorðinsfræðslumiðstöð á Suðurnesjum, sem var sjálfstæð hvað varðar áherslur og hugmyndafræði og gat unnið að markmiðum sínum – Suðurnesjamönnum öllum til heilla.

1997 hafði Fjölbautaskóli Suðurnesja fjárhagslega burði og getu til að koma að stofnun og uppbyggingu MSS og ljóst að án FS hefði MSS ekki orðið til á sínum tíma. En það var ekki vegna góðrar fjárhagsstöðu sem lagt var af stað með þetta verkefni. Á hátíðarfundum skólanefndar FS í Skíðaskálanum í Hveradölum haustið 1995 var samþykkt að fara þessa vegferð með hagsmuni FS og Suðurnesjanna allra í huga.

Saga MSS sýnir að lykillinn að öflugri uppbyggingu menntunar á Suðurnesjum er að þeir sem þekkja best til – Suðurnesjamenn sjálfir – taki frumkvæði að þeim verkefnum sem samfélaginu eru fyrir bestu og að þeir standi saman að þeim breytingum sem til þarf.

Framundan er mikil vinna við að styrkja enn frekar stöðir menntunar á öllum skólastigum hér á Suðurnesjum. Vinna sem er til hagsbóta fyrir alla Suðurnesjamenn og ég tel að Miðstöð símenntunar – sem öflug þjónustustofnun – eigi líkt og FS forðum og aðrar menntastofnanir á Suðurnesjum að taka virkan þátt í þeirri uppbyggingu. Í kreppu megum við ekki falla í þá gryfju að hopa og verja “okkar”. Við verðum að standa saman og sækja fram með hagsmuni samfélagsins á Suðurnesjum í heild að leiðarljósi.

Þar sem ég nú læt af formennsku í stjórn MSS í haust vil ég leyfa mér að nota þetta tækifæri og þakka þeim Kjartani Má, Skúla og Guðjónínu, frábærum starfsmönnum MSS, samstarfsfólki mínu í stjórn þeim Ellerti, Sigurgesti, Guðjóni og Ingu Sigrúnu og öðrum þeim sem komið hafa að þessu verkefni frá upphafi fyrir samstarfið.

Ég óska Miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum bjartar framtíðar.


Ólafur Jón Arnbjörnsson

Inngangur forstöðumanns



Eftir mikla aukningu á öllum sviðum undanfarin ár þá er hægt að segja að árið 2011 hafi verið ár stöðugleikans en heildarstarfsemi MSS var mjög svipuð og árið á undan. Margar námsleiðir virðast vera að festa sig í sessi sem og ráðgjöfin. Ásamt því að sinna hefðbundnum verkefnum var árið notað til að efla innra starf MSS eins og að setja upp gæðakerfi og efla kennslufræðina.

Mikill fjöldi nýtti sér þjónustu MSS árið 2011 líkt og undanfarin ár sem og árin á undan. Fækkun þátttakenda var í sumum flokkum en fjölgun í öðrum en breytingin var hins vegar ekki mikil á milli ára. Nemendastundum fjölgar á sama tíma og það er fækkun í fjölda einstaklinga sem leita til MSS sem og fjölda námskeiða. Þetta bendir til þess að þróunin sé í þá átt að nemendur eru að sækja sér lengra nám hjá MSS



Gæðakerfið

MSS útbjó gæðahandbók fyrir starfsemina á árinu og tóku allir starfsmenn þátt í þeirri vinnu. Gæðahandbókin er mikilvægt tæki til að tryggja ákveðin gæði í starfsemi og að starfsfólk tileinki sér sömu vinnuferla í verkefnum. Mikilvægt er að tryggja að ferlar séu í góðu lagi, sem er hagur miðstöðvarinnar og skjólstæðinga MSS.

Kennslufræðin

Lögð var áhersla á að efla kennslufræðiþátt MSS á árinu. Þegar stöðuleiki er að komast á starfsemina er hægt að horfa meira á gæðaðáttinn og stór hluti af gæðum fræðslustofnunar er kennslufræðin. Þessi þáttur var styrktur með ráðningu starfsfólks sem sér sérstaklega um þennan þátt, hvatningu og aðstoð við starfsmenn til að sækja sér sí- og endurmenntunar í þessum fræðum og föstum námskeiðum fyrir starfsfólk og verktaka. Við væntum þess að í framtíðinni verði MSS leiðandi í kennsluháttum innan framhaldsfræðslunnar.

Sveigjanleiki

Sveigjanleikinn er eitt af aðalsmerkjum MSS. Því reynist okkur auðvelt að bjóða hratt og örugglega upp á nám sem hentar hverju sinni. Það hefur reynst okkur mjög dýrmætt að geta með stuttum fyrirvara sett upp nám fyrir t.d. atvinnulausa og aðra hópa sem koma til okkar, oft með stuttum fyrirvara. Starfsfólk hefur sýnt sveigjanleika og frumkvæði bæði í að hanna og þróa nám sem og að skipuleggja og framkvæma nám á stuttum tíma. Því hafa fjölmörg úrræði orðið til með skömmum fyrirvara, haldið síðan áfram að þróast og eru að festast í sessi.

Verkleg kennsla

MSS hefur sýnt frumkvæði í að þróa verklega kennslu í framhaldsfræðslunni og hafa margar leiðir orðið til nú á síðustu misserum. Miðstöðin hefur lagt áherslu á að þróa smiðjur og voru nokkrar nýjar smiðjur kenndar á árinu með góðum árangri. Sífellt er í umræðunni að meira þurfi að vera um verklega kennslu m.a. fyrir hina fjölmörgu sem flosna upp úr framhaldsskólanum. Þessari þörf hefur MSS markvisst stefnt á að mæta.

Starfsfólk

Á árinu var lögð mikil áhersla á að hvetja starfsfólk til að sinna sí- og endurmenntun sinni og margir sem gerðu það. Einnig hefur verið lögð áhersla á að kynnast framhaldsfræðslugeiranum erlendis og er svo litið á að erlend samvinna sé stór hluti af okkar símenntun. Þannig er mikilvægt að halda sér við til að vera ávallt í stakk búin til að sinna nýjum verkefnum og til að efla frumkvæða hugsun sem er grundvallaratriði í starfsemi MSS. Leiðarljós starfsmanna MSS eru orðin fagmennska, samskipti og framþróun. Starfsfólk leitast eftir að fylgja þessu leiðarljósi og er það tvímælalaust einn af lykilþáttum við velgengi MSS.

Að lokum vil ég þakka starfsfólki fyrir gott og árangursríkt samstarf á árinu.

Guðjónína Sæmundsdóttir forstöðumaður

Stjórn og starfsfólk MSS

Stjórn Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum árið 2011

Ólafur Jón Arnbjörnsson
Stjórnarformaður
f.h. Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Ellert Eiríksson
f.h. atvinnurekendum

Guðjón Arngrímsson
f.h. stéttarfélögum

Sigurgestur Guðlaugsson
f.h. Reykjanesbæ

Inga Sigrún Atladóttir
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Varamaður Ingu Sigrúnar: Þuríður Gísladóttir
f.h. Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum

Varamaður Sigurgestar: Dröfn Rafnsdóttir
f.h. Reykjanesbæ

Varamaður Ólafs Jóns: Kristján Ámundsson
f.h. Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Varamaður Guðjóns: Guðbrandur Einarsson
f.h. Verslunarmannafélags Suðurnesja

Stjórnin hélt sjö bókaða fundi á árinu 2011.



Starfsfólk MSS

Anna Lóa Ólafsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi.

Ásdís Vilborg Pálsdóttir, skrifstofustjóri, í 100% starfi.

Birna Vilborg Jakobsdóttir, verkefnastjóri atvinnulífs, í 100% starfi.
Fór í barneignarleyfi um mitt ár.

Elísabet Pétursdóttir, náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi frá 15. september.

Eva Agata Alexadóttir, ráðgjafi fyrir Pólverja, í 90% starfi.

Eydna Fossdal, þjónustufulltrúi, í 50% starfi.

Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður, í 100% starfi.

Guðrún Jóna Magnúsdóttir, verkefnastjóri, í 100% til 30. júní.

Hjörleifur Þór Hannesson, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Hrönn Auður Gestsdóttir, þjónustufulltrúi, í 100% starfi.

Jenný Þórkatla Magnúsdóttir, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Jónína Magnúsdóttir, náms- og starfsráðgjafi, í 100% starfi, fór í barneignarleyfi 1. desember.

Kristinn Þór Jakobsson, verkefnastjóri, í 100% starfi.

Kristinn Bergsson, þjónustufulltrúi, íhlaupavinna.

Nanna Bára Maríusdóttir, verkefnastjóri, í 40% starfi til 31. júlí.

Ragnheiður Eyjólfssdóttir, verkefnastjóri, í 100% starfi frá 23. ágúst.

Sveindís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri íslenskunámskeiða, í 100% starfi.


Særún Rósa Ástþórsdóttir, verkefnastjóri, í 100%, frá 15. maí.

Unnar Stefán Sigurðsson, verkefnastjóri, í 100%, frá 1. ágúst.

Nám fyrir einstaklinga


Gagn og gaman

Flokkurinn Gagn og gaman inniheldur námskeið sem einstaklingar sækja sér jafnan til skemmtunar. Þátttaka í þessum námskeiðum jókst lítilega á árinu. Haldin voru 53 námskeið.




Tungumál

Smávegis fjölgun var í tungumálanámskeiðum hjá MSS. Haldin voru nokkur almenn norsku- og enskunámskeið. Haldin voru 8 tungumálanámskeið á árinu.



Tölvunám

Tölvunám er að öllu jöfnu hluti af stærra námi hjá MSS. Þau eru fá námskeiðin þar sem einungis eru kenndar tölvur. Haldin voru 3 sérstök tölvunámskeið á árinu.



Starfstengt nám

Nám fyrir atvinnulífið hefur alltaf verið sá námskeiðsflokkur sem hefur dregið flesta þátttakendur að námskeiðum hjá MSS. MSS á í góðu samstarfi við mörg fyrirtæki á svæðinu og sér um að skipuleggja og halda fjölmörg námskeið fyrir þau. Einnig eru hér undir námskeið sem einstaklingar sækja til að efla sig á vinnumarkaði s.s. tölvunámskeið. Haldin voru 87 námskeið á árinu.

Fyrirtæki sem MSS sinnti á árinu voru m.a. IGS, Kaffitár, Skólamatur, Nýfiskur, Isavia, Fríhöfnin, fyrirtæki á friðhafsbrú, Vísir, Haustak, Grandi og Reykjanesbær.

Nám fyrir atvinnuleitendur

Vinnumálastofnun var með átak í að virkja atvinnuleitendur á árinu. Annars vegar var átak fyrir einstaklinga á aldrinum 16 – 29 ára sem nefndist Ungt fólk til athafna (UFTA) og fyrir einstaklinga sem var 30 ára og eldra og hafði verið 1 ár eða lengur á atvinnuleysisráði og nefndist átakið Þekking og reynsla (ÞOR). Einnig var þessum hópum mikið blandað saman. MSS bauð upp á ýmis námskeið fyrir þessa hópa og fóru af stað námskeið eins og Grunnmenntaskólinn, Skrifstofuskólinn, Sterkari starfsmaður – Upplýsingatækni, Kaffi- og barþjónanámskeið, Náum settu marki, Færni í ferðaþjónustu, Íslenska fyrir útlendinga, Norska, Styrkur, hreyfing og sköpun og Lífsgleði njóttu.




Námskeið í samvinnu við Atvinnuþróunarráð Suðurnesja

MSS stóð að námskeiðum í samvinnu við Atvinnuþróunarráð Suðurnesja. Þessi námskeið eru ætluð til að efla frumkvöðla, einstaklinga í rekstri og fyrirtæki almennt. Námskeiðin sem haldin voru eru Stofnun og rekstur smáfyrirtækja og Markaðssetning á netinu.



Íslenskunámskeið

Íslenskunám fyrir útlendinga hefur verið stór partur af starfsemi MSS undanfarin ár. Fækkun hefur verið á nemendum síðan fjármálahrunið varð árið 2008 þar sem færri útlendingar voru á landinu og færri sem komu til landsins. Hins vegar var hægt að greina breytingu á kennsluþörf en mun fleiri sóttu námskeið á efri stigum en áður, sem bendir til þess að þeir sem eru enn í landinu huga ekki á flutning og vilja efla tungumálakunnáttu sína. Haldin voru 25 námskeið á árinu.



Fullorðinsfræðsla fatlaðra

MSS er með samning við Fjölmennt um námskeiðahald fyrir þeirra markhóp sem eru fatlaðir fullorðnir einstaklingar. MSS annast námskeiðahald fyrir markhópinn með greiðslum frá Fjölmennt. MSS hefur verið í samstarfi við Björgina – geðræktarmiðstöð Suðurnesja og félagsþjónustu sveitarfélaganna um námskeiðahald fyrir þennan hóp. Það voru 50 einstaklingar sem sóttu þessi námskeið á árinu og voru 9 námskeið haldin.



Námskeið og hópráðgjöf fyrir Pólverja


Hjá MSS er sérstakur ráðgjafi sem sinnir námskeiðahaldi fyrir Pólverja. Haldin voru ýmis námskeið s.s. ensku, nuddi, naglaásetningu og ráðgjöf varðandi gerð færnimöppu og ferilskrá. Það voru 269 einstaklingar sem nýttu sér námskeiðin og hópráðgjöfina. Haldin voru 43 námskeið og hópráðgjafir á árinu.





Ráðgjöf og þjónusta

Ráðgjöf og greiningar er fyrirferðamikill flokkur hjá MSS. Undir þennan flokk fellur náms- og starfsráðgjöf bæði einstaklings- og hópráðgjöf, lesblindugreiningar og Markviss ráðgjöf.



Markviss

Eitt Markviss verkefni voru unnin á árinu hjá MSS í tengslum við verkefnið „Starfsþróunarstjóri að láni“ sem Starfsafl stóð að. Verkefnið var unnin í fyrirtækinu Olís.

Náms- og starfsráðgjöf

MSS hefur haft samning við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins um náms- og starfsráðgjöf síðan árið 2006. Ráðgjöf á vegum MSS hefur þess vegna aukist umtalsvert á s.l. árum. Mest er aukningin í náms- og starfsráðgjöf. Þar er fyrirferðarmikil hópráðgjöf í gerð færnimöppu- og ferilskrá og áhugasviðsgreiningum. Það voru 1.928 viðtöl skráð bæði í einstaklingsviðtöl og hópráðgjöf.

Lesblindugreiningar

Einstaklingar sem komu í lesblindugreiningar voru 7 á árinu.



Útibú MSS í Grindavík



Fyrsta heila starfsárið hjá útibúi MSS í Grindavík var árinu. Starfsemin gekk ágætlega en hefði þó mátt vera meiri. Haldin voru 17 námskeið með 142 þátttakendum. Fyrsti hópurinn í Menntastöðum í Grindavík útskrifaðist vorið 2011.



Vinsælasti flokkurinn var tvímælalaust tólmstundanámskeiðin og voru m.a. haldin námskeið í nuddi, handmálun, leðurtöskugerð, skartgripagerð, skrautskrift og matargerð. Einnig fór af stað tölvunám og nám í Skrifstofuskólanum. Sjúkraliðar í Grindavík voru duglegir að koma á námskeið og voru sett upp námskeið sérstaklega fyrir þá.




Námskeið ýmsir

MSS býður öðrum námskeiðshöldurum að sjá um ákveðna þjónustu gegn vægu gjaldi. Á árinu veittum við Félagi myndlistamanna í Reykjanesbæ og Vinnueftirlitinu þjónustu. Sú þjónusta sem MSS býður upp á getur verið mismunandi eftir þörfum viðskiptavinarins en getur m.a. legið í að upplýsingar um námsframboð sé á heimasíðu MSS, skráning á námskeið, innheimta námskeiðsgjalda, greiðsla til verktaka, leiga á húsnæði undir námskeið o.s.frv.



Fjarnám

Það voru um 94 nemendur sem nýttu sér aðstöðu hjá MSS til að stunda fjarnám. Það voru haldin 215 próf fyrir Háskólann á Akureyri, Bifröst og Verslunarskólann, sem MSS hafði umsjón með, sá um undirbúning og yfirsetu.




Verkefni sem unnin voru á árinu

Raunfærnimat

Hafið var raunfærnimatsverkefni í skrifstofugreinum haustið 2010 í samstarfi við Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins, Menntaskólan í Kópavogi og Fagrað verslunar- og þjónustu. Unnið var að gátlistagerð, kynningum, kynningarefni og öflun þátttakenda með ýmsum hætti m.a í samstarfi við vinnumálastofnun á Suðurnesjum. Haldið var áfram með verkefnið á vorönn 2011 og því lokið. Það voru 22 einstaklingar fóru í raunfærnimat. Einstaklingar frá Suðurnesjum voru 9 talsins en MSS fór í samstarf við Mími símenntun og luku 13 einstaklingar raunfærnimatinu úr Reykjavík.



Erlent samstarf



EEA Grants – Employment, Life long learning and networking support

MSS tók þátt í erlendu verkefni ásamt stofnuninni Help frá Slóvakíu og Animar frá Portúgal. Verkefnið hófst í febrúar 2010 og var stýrt frá Slóvakíu og snýr að því að þeir læri af reynslu hinna landanna. Þrír starfsmenn frá MSS hafa sinnt þessu verkefni og hafa m.a. miðlað af reynslu MSS á sviði ráðgjafar, Markviss, námskeiðahalds, uppbyggingu símenntunarkerfisins á Íslandi og hvernig MSS er rekið. Það hefur verið ánægjulegt að sjá að þekking okkar hefur skilað sér í starfsemi stofnunarinnar í Slóvakíu. Verkefninu lauk í febrúar 2011.

Nordplus Voksen - REACH

MSS tók þátt í verkefninu REACH ásamt Fjölbrautaskóla Suðurnesja, Modern Didactics Center í Litháen og Pirkanmaa Westcome Adult Education Unit í Finnlandi. Verkefnið hófst á árinu 2010. Á árinu var verið að vinna að verkefninu í heimalandi ásamt að einn fundur var á Íslandi. Verkefnið snýr að því að ná til hóps sem að öllu jöfnu er erfitt að ná til og sníða námskeið fyrir þann hóp. MSS einbeitti sér að hópnum ungar einhleypar mæður og var í samstarfi við Reykjaneshæ um verkefnið. Verkefninu lýkur í júní 2012.



Leonardo mobility – Motivate the Unmotivated Youth for VET Education

Miðstöð símenntunar átti í samstarfi við Godalen videregående skole í Noregi og Sinnens Veritas í Finnlandi um mannaskiptaverkefni á árinu 2011. Í maí fóru 5 einstaklingar bæði starfsmenn og verktakar MSS til Noregs skoðuðu skapandi starf og vinnu með atvinnulausum. Í september fóru 3 einstaklingar bæði starfsmenn og verktakar MSS til Finnlands og voru að skoða „workshop“. MSS tók einnig á móti hópi frá Noregi og skipulagði dagskrá fyrir þá.



Leonardo Transfer of Innovation – INSIGHT

Haustið 2011 hóf MSS tveggja ára samstarfsverkefni með 6 öðrum löndum um verkefni sem ber nafnið INSIGHT. Verkefnið snýr að því að þróa tæki sem nýtist í vinnu með atvinnulausum. Verkefnið er stýrt frá Búlgaríu og Englandi

Grundtvig – LIME

MSS hóf 2ja ára verkefni með 7 öðrum samstarfslöndum sem ber nafnið LIME. Markmiðið með verkefninu er að miðla upplýsingum um fræðslu til innflytjenda meðal samstarfslandanna s.s. bera saman námsefni og aðferðir sem notaðar eru í hverju landi. Verkefninu er stýrt frá Finnlandi.

Samstarf

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum á í margvíslegu samstarfi við aðila á Suðurnesjum, aðila utan svæðisins og fyrir utan landsteinana. Hér eru nefndir helstu samstarfsaðilar.

FS-netið og Menntabré

Haustið 2002 undirritaði þáverandi menntamálaráðherra samning við SKÝRR um uppsetningu og rekstur háhraða gagnaflutningsnets sem þjóna skyldi framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Net þetta fékk nafnið FS-net. Tók samningurinn gildi 1. febrúar 2003. Gerður var nýr samningur við OgVodafone árið 2008. Með samningnum var heildarkostnaður við netið lækkaður.

Til að tengja saman staði með FS-netinu festu Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri og fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni kaup á myndfundabré, sem gengur undir nafninu Menntabré. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Hefur brúin reynst mjög vel og er bæði örugg og ódýr í rekstri. Hins vegar er brúin að ganga sinn lífdaga á enda.



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Fjölbrautaskóli Suðurnesja var stofnaðili að MSS og hefur verið samstarf á milli þessara aðila síðan.



Samvinna – starfsendurhæfing á Suðurnesjum

Samvinna var stofnuð um mitt ár 2008 af Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Fjölbrautaskóla Suðurnesja, sveitarfélögum á Suðurnesjum, stéttarfélögum, Lífeyrissjóðnum Festu, Vinnumarkaðsráði Suðurnesja og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. MSS á gott samstarf við Samvinnu og sér um að skipuleggja námsframboð sem skjólstæðingar Samvinnu hafa aðgang að. Samvinna leigir aðstöðu hjá MSS.

Keilir miðstöð vísinda og fræða

Keilir og MSS hafa unnið saman að náminu Menntastoðir sem er á vegum MSS en Keilir metur námið sem fullgildan undirbúningur fyrir Háskólabré Keilis. Fræðslumiðstöð Atvinnulífsins gerði námskrá á árinu sérstaklega fyrir Menntastoðir og verður hún í tilraunakennslu í 1 ár.



Menntastoðir
Námsskrá fyrir
tilraunakennslu



Fisktækniskólinn
Icelandic College of Fisheries



Fisktækniskóli Suðurnesja

MSS var stofnaðili að Fisktækniskóla Suðurnesja ásamt Fjölbautaskóla Suðurnesja, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Grindavíkurbæ, einstaklingum auk fyrirtækja og stéttarfélaganna á sviði veiða og vinnslu á Suðurnesjum. MSS og Fisktækniskólinn eru í samstarfi um sí- og endurmenntun í sjávarútvegi og voru sameiginlega með starfsmann sem sinnir því fram á mitt ár 2011. Einnig eru stofnanirnar sameiginlega með húsnæði og þjónustufulltrúa í Grindavík.

Fræðslusjóðir

Miðstöðin hefur átt gott samstarf við hina ýmsu fræðslusjóði s.s. Starfsafl, Landsmennt, Sjömennt og Ríkismennt. Reynt hefur verið að haga málum þannig að sem einfaldast sé fyrir þá einstaklinga sem hafa sótt námskeið hjá Miðstöðinni að sækja í þá styrki sem þeir hafa rétt á.



Virkjun

MSS hefur staðið að Virkjun sem er staðsett er í Ásbrú frá upphafi og verið með fulltrúa í framkvæmdaráði. MSS hélt mörg námskeið fyrir atvinnuleitendur upp í Virkjun s.s. Árangursríkari starfsleit, Íslensku, Skrifstofuskólann, Færni í ferðaþjónustu, Aftur í nám og Sterkari starfsmaður - upplýsingatækni.



FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ
ATVINNULÍFSINS

MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Miðstöðin undirritaði samning við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins árið 2006 um samstarf á sviði fullorðinsfræðslu. Meginmarkmið samningsins er að veita fólki á vinnumarkaði með litla formlega menntun, fólki sem horfið hefur frá námi án þess að ljúka prófi frá framhaldsskóla, innflytjendum og öðrum sambærilegum hópum, tækifæri til að afla sér menntunar eða bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Samstarfið hefur orðið þess valdandi að Miðstöðinni hefur verið gert kleift að bjóða upp á nám fyrir einstaklinga og atvinnulífið þar sem kostnaður við námið hefur verið niðurgreiddur af menntamálaráðuneytinu. Einnig hefur verið gerður samningur um náms- og starfsráðgjöf á vinnustað.



Kvasir samtök símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni

Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Verkefni Kvasis hafa sífellt farið vaxandi, auk þess sem fastara form hefur verið að færast á starfseminu.

Kvasir heldur tvo fasta fundi á ári, vorfund og haustfund auk auk funda með mennta- og menningarmálaráðuneyttinu, Fræðslusjóði og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Einnig eru fundir meðal forstöðumanna eftir þörfum.

Af málum sem Kvasir vann að á árinu 2011 má nefna:

- * Umsóknir um framlög til fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna frá ríkinu.
- * Þróun Markviss greiningaraðferðarinnar.
- * Samræming upplýsinga frá fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum.
- * Ýmsar upplýsingar og álitstærðir fyrir stjórnvöld.
- * Kynningar á fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum.
- * Samningagerð við samstarfsaðila.
- * Þróun á nemendabókhaldskerfi.



Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni og í Reykjavík.

Rautt táknar „aðalstöð“ og
blátt táknar námsver og námsstofur.



Stéttarfélög

Miðstöðin hefur átt gott samstarf við stéttarfélögin s.s. Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verslunarmannafélag Suðurnesja, Félag iðn- og tæknigreina, Starfsmannafélag Suðurnesja, Verkalýðsfélag Grindavíkur og Verkalýðsfélag Sandgerðis. Meðal verkefna sem unnið hefur verið sameiginlega að á þessu ári er lestrarerfiðleikar fullorðinna en stéttarfélögin hafa stutt sína félagsmenn sérstaklega í lesblindugreiningum.

Vinnumálastofnun

MSS hefur átt gott samstarf við Vinnumálastofnun undanfarin ár. MSS hefur skipulagt námskeið fyrir Vinnumálastofnun. Hjá MSS starfar pólskur starfsmaður sem starfar einnig náið með Vinnumálastofnun við kynningar til atvinnulausra Pólverja.

Samstarf við aðra námskeiðshaldara

MSS hefur lagt upp úr því að vera í samstarfi við aðra sem bjóða upp á fræðslustarfsemi á Suðurnesjum. Námskeiðshaldarar geta leigt aðstöðu hjá Miðstöðinni og einnig keypt þjónustu varðandi uttanumhald námskeiða. Meðal aðila sem hafa nýtt sér það á þessu ári eru Félag myndlistamanna í Reykjanesbæ og Vinnueftirlitið.

Leikn samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi

MSS er aðili að Leikn. Innan Leiknar eru flestir þeir aðilar sem sinna fræðslu fullorðinna í hinu óformlega kerfi.

Nefndarstörf

Starfsmenn MSS áttu sæti í ýmsum starfshópum og nefndum á sviði fullorðinsfræðslunnar á árinu 2011.

Þar á meðal:

- Forstöðumaður, Guðjónína Sæmundsdóttir.
- * Fulltrúi í Vinnumarkaðsráði Suðurnesja skipuð af menntamálaráðuneytinu.
- * Formaður Samvinnu – starfsendurhæfingu á Suðurnesjum.
- * Gjaldkeri Kvasis frá október 2011.
- * Fulltrúi í framkvæmdanefnd Virkjunar.
- * Náms- og starfsráðgjafi, Anna Lóa Ólafsdóttir.
- * Nefndarmaður í ráðgjafanefnd menntamálaráðuneyti síns varðandi stefnumótun í ævilangri náms- og starfs ráðgjöf.



